

Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

Fundur

Fundur var haldinn í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra þriðjudaginn 21. janúar 2020 Sæmundargötu 1, Sauðárkróki. kl: 13.00.

Dagskrá

1. Óskir um upplýsingar um flutning olú á Norðurlandi vestra.
2. Málefni bensínstöðvar N1 á Hofsósi.
3. Samþykkt fyrir Hesthúsahverfi á Sauðárkróki.
4. Gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra fyrir árið 2020.
5. Mál til kynningar:
 - i. Skipulagsmál:
 - a) Skipulag hafnarinnar á Sauðárkróki.
 - b) Skipulag íþróttasvæðis á Ólafsfirði.
 - ii. Mál frá UST:
 - a) Eftirlit með Steinullarverksmiðju á Sauðárkróki.
 - b) Ósk um upplýsingar vegna Landsáætlunar 2020.
 - c) Förgun hrossa í kjölfar óveðurs.
 - iii. Mál frá MAST:
 - a) Innkallanir á matvælum.
 - b) Innflutningur á hráu kjöti frá áramótum.
 - iv. Önnur mál:
 - a) Svör umhverfisráðuneytisins vegna fyrirspurnar um olíuflutninga.
 - b) Leikskólinn í Hofsósi.
 - c) Kynning á dómi vegna matvælaeftirlits í Krónunni.
 - d) Kynning á úrskurði UUA um kröfur til starfsleyfis vegna samgöngumiðstöðvar.
 - e) Kvörtun vegna loftmengunar.
 - f) Neysluvatn í Staðarskála.
 - g) Tækifærisleyfi umsagnir.
 - h) Númerslausir bílar.
 - i) Athugasemdir vegna mengunarvarna.
 - j) Starfsleyfi fyrir brennur.
 - k) Matarsýking rannsókn á uppruna.
 - l) Ábending um ólöglega auglýsingu fæðubótarefna.
 - m) Olís Sauðárkróki, vegna nýrrar eldsneytisafgreiðslu.
6. Starfsleyfi.

Reglugerð 550/2018

Mál 1499

a) ALP bílaleiga kt 540400-2290 að Borgarteig 1, 550, Sauðárkróki, sbr. auglýst starfsleyfisskilyrði. Ábyrgðarmaður er Hjálmar Pétursson.

Mál 1500

b) Hafblik fiskvinnsla, kt. 660600-2130, Pálsbergsgötu 1, 625, Ólafsfirði, sbr. auglýst starfsleyfisskilyrði. Ábyrgðamaður er Hallsteinn Guðmundsson.

Mál 1501

c) Vélaverkstæði Skagastrandar ehf., kt.070860-3689, Strandgötu 30, 545 Skagaströnd, sbr. auglýst starfsleyfisskilyrði. Ábyrgðamaður er Gísli Snorrason.

Mál 1502

d) Trésmíðaverkstæði, Friðbjörns kt. 120658 4099, Borgartúni 6, 550, Sauðárkrókur, sbr., auglýst starfsleyfisskilyrði. Ábyrgðamaður er Friðbjörn H. Jónsson.

Mál 1503

e) Síld og Fiskur, kt. 590298-2399, Skriðulandi 541, Blönduós,svínabú, eldi á sláturgrísúmsbr., auglýst starfsleyfisskilyrði. Ábyrgðamaður er Sveinn Jónsson.

Reglug. 941/2002 og lög um matvæli 93/1995

Mál 1504

f) Himinn Sól ehf. kt. 590815 1010, Veitingarekstur, Norðurlandsvegi 4, Blönudósi. Ábyrgðamaður er Björn Þór Kristjánsson.

Mál 1505

g) Sigló Golf og Ski Club ehf, kt. 620618 1390, til að starfrækja golfskála og veitingasölu,. Ábyrgðamaður er Kristbjörg E. Jóhannsdóttir.

Afgreiðslur:

1. Flutningur á olíu á Norðurlandi vestra.

Borist hafa fullnægjandi upplýsingar frá einum flutningsaðila þ.e. Skeljungu og er þakkað fyrir þær upplýsingar.

Heilbrigðiseftirlitinu hafa ekki enn borist upplýsingar um heildarmagn olíu sem Olíudreifing hf. hefur flutt á eftirlitssvæði HNv í september mánuði 2019, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar um.

Til þess að knýja á um fullnægjandi upplýsingar þá veitir Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra Olíudreifingu hf. formlega áminningu vegna brota á reglugerð 884/2017 sem byggir á lögum nr. 7/1998. Áminningin er veitt í samræmi við 60. gr. laga nr. 7/1998.

Olíudreifingu er heimilt að kæra þá ákvörðun til úrskurðanefndar um umhverfis- og auðlindamál.

Nefndin íhugar ennfremur að beita frekari þvingunarúrræðum til þess knýja á um umbeðnar upplýsingar, ef fyrirtækið heldur áfram hunsu beiðnir nefndarinnar.

Í kjölfar fækkunar olíubirgðastöðva á eftirlitssvæðinu, hafa flutningar á olíu stóraukist á vegum sem væntanlega hefur aukið áhættu á óhöppum. Nefndin hefur lagt áherslu á að umhverfisyrifirvöld vinni að áhættumati og bættri viðbragðsáætlun vegna aukinna olíuflutninga á vegunum. Óhöpp við flutninga á landi geta m.a. valdið mengun vatnsbóla, laxveiðiám og spjöllum á náttúru Íslands.

Bókunin er samþykkt með 5 atkvæðum, en Lee Ann Maginnis greiðir atkvæði gegn ákvörðuninni.

2. Málefni bensínstöðvar N1 á Hofsósi.

A) Það er staðfest að mikill leki hefur átt sér stað á bensíni úr tanki sem hefur verið tekinn úr notkun. Nágrannar hafa kvartað undan miklum óþægindum vegna lykta sem þeir telja að sé bensínlykt en enn á eftir að staðfesta uppruna lykta með rannsóknarniðurstöðum á sýnum sem tekin hafa verið. Málið er alvarlegt enda hefur orðið mengunarslys, sem hefði verið hægt að komast hjá, ef fylgt hefði verið ákvæðum í eldri útgáfu reglugerðar sem gildi um aldur tanka á bensínstöðvum. Reglugerðinni var breytt árið 2017 sem leiddi af sér að nú er hægt að framlengja notkun á gömlum tönkum ef þykktarmæling sýndi fram á að þeir væru í góðu lagi. Tankarnir eru 31 árs. Þetta mál sýnir að umhverfisráðherra þarf að taka til skoðunar að færa ákvæði um aldur tanka í fyrra horf. N1 kynnti bréfleg að gert hefði verið samkomulag við verkfræðistofu um að hefja forrannsókn á útbreiðslu og umfangi mengunar.

Nefndin gefur N1 frest til 10. febrúar 2020 til þess að skila fyrstu niðurstöðum í málinu.

B) Starfsleyfi bensínstöðvarinnar á Hofsósi rann út 1. janúar sl. Tillaga framkvæmdastjóra samþykkt um að veita bráðabirgðastarfsleyfi til 1. júní nk. þannig að fyrirtækinu gefist lokafrestur til að fara í nauðsynlegar endurbætur. Nýtt starfsleyfi verður gefið út þegar endurbætt stöð uppfyllir kröfur sem fram koma í reglugerð 884/2017 m.a. um olíuskiljur.

3. Samþykkt fyrir Hesthúsahverfi á Sauðárkróki. Samþykkt með þeim áorðnum breytingum.

4. Gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra fyrir árið 2020. Gjaldskrá samþykkt.

5. Mál til kynningar:

Mál kynnt, en við lið i) a var bókað: Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að hugað verði sérstaklega að þeim þáttum sem snúa að; olúgeymum, afgreiðslu á olíu, úrgangi og neysluvatni í samráði við Heilbrigðiseftirlitið.

6. Starfsleyfi.

Samkvæmt reglugerð 550/2018 og lögum nr.7/1998

Mál 1499

a) ALP bílaleiga kt 540400-2290 að Borgarteig 1, 550, Sauðárkróki, sbr. auglýst starfsleyfisskilyrði. Ábyrgðarmaður er Hjálmar Pétursson.
Samþykkt til 21.janúar 2032.

Mál 1500

b) Hafblik fiskvinnsla, kt. 660600-2130, Pálsbergsgötu 1, 625, Ólafsfirði, sbr. auglýst starfsleyfisskilyrði. Ábyrgðamaður er Hallsteinn Guðmundsson.
Samþykkt til 21.janúar 2032.

Mál 1501

c) Vélaverkstæði Skagastrandar ehf., kt.070860-3689, Strandgötu 30, 545 Skagaströnd, sbr. auglýst starfsleyfisskilyrði. Ábyrgðamaður er Gísli Snorrason.
Samþykkt til 21.janúar 2032.

Mál 1502

d) Trésmíðaverkstæði, Friðbjörns kt. 120658 4099, Borgartúni 6, 550, Sauðárkrókur, sbr., auglýst starfsleyfisskilyrði. Ábyrgðamaður er Friðbjörn H. Jónsson.
Samþykkt til 21.janúar 2032.

Mál 1503

e) Síld og Fiskur, kt. 590298-2399, Skriðulandi 541, Blönduós,svínabú, eldi á sláturgrísúmsbr., auglýst starfsleyfisskilyrði. Ábyrgðamaður er Sveinn Jónsson.
Samþykkt til 21.janúar 2032.

Samkvæmt reglugerð 941/2002 og lög um matvæli 93/1995

Mál 1504

f) Himinn Sól ehf. kt. 590815 1010, Veitingarekstur, Norðurlandsvegi 4, Blönduósi. Ábyrgðamaður er Björn Þór Kristjánsson.
Samþykkt til 21.janúar 2032.

Mál 1505

g) Sigló Golf og Ski Club ehf, kt. 620618 1390, til að starfrækja golfskála og veitingasölu,. Ábyrgðamaður er Kristbjörg E. Jóhannsdóttir.
Samþykkt til 21.janúar 2032.

Fundi slitið 15:36

Ari Jóhann Sigurðsson
Lee Ann Maginnis
Konráð Karl Baldvinsson
Ína Ársælsdóttir
Margrét Eva Ásgeirsdóttir
Guðný Helga Kristjánsdóttir